

Greinargerð

Breyting á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs – veiðar austursvæði
Úrvinnsla umsagna og athugasemda

Dags. 27. júní 2022
Málsnúmer. 2202033

1. Ástæður breytingartillögunnar

Auglýst breytingartillaga á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs (VJP) er unnin á grundvelli 7. mgr. 12. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007 m.s.br.

Breytingatillagan er unnin í kjölfar endurmats VJP á forsendum sérákvæða um veiðar á austursvæði og könnun á lagalegum grundvelli þeirra. Samkvæmt 9.5. kafla stjórnunar- og verndaráætlunar VJP gilda sérákvæði um veiðar á austursvæði þjóðgarðsins um bann við veiðum í griðlandi við Snæfell og seinkun hreindýraveiða milli Háslóns og Jökulsár í Fljótsdal til 15. ágúst. Ákvæðin hafa verið í gildi frá því þau voru sett árið 2011 í 1. útg. stjórnunar- og verndaráætlunar en tóku örlitlum breytingum árið 2013. Við setningu ákvæðanna var gert ráð fyrir að forsendur þeirra yrðu endurmetnar að nokkrum tíma liðnum m.a. út frá þróun útivistar á svæðinu, frekari rannsóknum og áhrifum hlýnandi veðurfars.

Lögfræðileg greining leiddi jafnframt í ljós að ósamræmi er milli framangreindra ákvæða stjórnunar- og verndaráætlunar VJP og 26. gr. gildandi reglugerðar um VJP nr. 300/2020 (svæði þar sem hefðbundin landnýting er leyfð) sem þjóðgarðurinn telur nauðsynlegt sé að bæta úr. Þá leiddi greiningin það í ljós að úrræði þjóðgarðsins til eftirfylgni ákvæðanna eru afar veik. Samkvæmt greiningunni er æskilegra að reglur um veiðitakmarkanir innan þjóðgarðsins sæki sér frekar lagastoð til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 þannig að um framfylgd þeirra og viðurlög gildi sömu reglur og utan þjóðgarðs. Setning slíkra reglugerða er í höndum umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og Umhverfisstofnunar (UST).

Umsagnaraðilar og þeir sem sendu inn athugasemdir taka almennt undir það mat þjóðgarðsins að bæta þurfi úr framangreindu ósamræmi milli ákvæða stjórnunar- og verndaráætlunar og reglugerðar um VJP og jafnframt þurfi að vera tryggt að þjóðgarðurinn geti af festu framfylgt þeim sérreglum um veiðar sem talin er þörf á að setja innan þjóðgarðsins. Almennt er því ekki ágreiningur um að breyta þurfi gildandi ákvæðum um veiðar á austursvæði. Umsagnaraðila og aðra er sendu inn athugasemdir greinir hins vegar á um það hvort þörf sé á að festa sérákvæðin í sessi með setningu reglugerða á grundvelli laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og breytingu á ákvæðum í reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð sem nú kveður á um heimild til hefðbundinnar landnýtingar á umræddu svæði.

Formlegt vald til setningar slíkra reglna er ekki þjóðgarðsins heldur ráðherra að fengnum tillögum UST og NÍ, en faglegt mat og álit þjóðgarðsins þarf að liggja fyrir áður en slík ákvörðun er tekin af hálfu ráðherra.

2. Kynningarferli

Vinna við breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun VJP vegna sérákvæða um veiðar á austursvæði hófst með samþykkt svæðisráðs austursvæðis á drögum að verkefnislýsingu þann 17. febrúar 2022. Var sú verkefnislýsing samþykkt í stjórn þjóðgarðsins á fundi þann 22. febrúar s.á. Áður hafði erindi Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum (FLH) verið til umfjöllunar af hálfu svæðisráðs austursvæðis og starfsmanna þjóðgarðsins. Því máli lauk í byrjun febrúar með því að svæðisráð ákvað að hefja undirbúning vinnu við breytingu á ákvæðum stjórnunar- og verndaráætlunar auk þess sem starfsmönnum þjóðgarðsins var falin frekari gagnaöflun og samráð.

Tillaga að textabreytingu stjórnunar- og verndaráætlunar til kynningar var samþykkt af svæðisráði austursvæðis á fundi þann 6. apríl 2022 og í stjórn þann 25. apríl s.á.

Meðfylgjandi tillöggunni voru eftirfarandi gögn birt á vef þjóðgarðsins:

- Umsagnarbeiðni VJP dags. 28. okt. 2021 til UST, NÍ, NA og hreindýraráðs vegna erindis FLH.
- Umsögn hreindýraráðs dags. 30. nóv. 2021.
- Umsögn NÍ dags. 13. des. 2021.
- Umsögn NA dags. 13. des. 2021.
- Umsögn UST dags. 22. des. 2021.
- Minnisblað lögfræðings VJP dags. 11. jan. 2022.
- Minnisblað þjóðgarðsvarðar austursvæðis dags. 1. feb. 2022.
- Vöktunaráætlun, maí 2022.
- Viljayfirlýsing VJP og FLH, dags. 6. maí 2022.

Tillagan var auglýst 29. apríl 2022 með umsagnar- og athugasemdafresti til 13. júní 2022. Ellefu umsagnir og athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum:

- Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ)
- Umhverfisstofnun (UST)
- Landgræðslan
- Forsætisráðuneyti
- Náttúrustofa Austurlands (NA)
- Landvernd
- Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST)
- Skotvís
- Andrés Skúlason
- Benedikt Haraldsson
- Valdimar Aðalsteinsson

3. Samantekt niðurstaðna

Að undangenginni ítarlegri gagnaöflun, samráði og faglegu mati er það tillaga VJP að sérákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar VJP um veiðar á austursvæði verði afnumdar en að svæðið verði jafnframt vaktað a.m.k. næstu þrjú árin og gripið til ýmissa annarra aðgerða til mótvægis til að tryggja að breytingin leiði ekki til neikvæðra áhrifa á náttúru svæðisins og nýtingu ólíkra hagsmunahópa. Aðgerðir sem þjóðgarðurinn leggur til eru eftirfarandi:

- Bréf verði sent til NÍ og UST þar sem þeim þætti er snýr að mögulegum sérákvæðum um veiðar er beint til viðkomandi stofnana, sbr. ákvæði laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (fylgiskjal 1).
- Vöktunaráætlun til þriggja ára (fylgiskjal 2).
- Samstarf við Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum (FLH), sbr. viljayfirlýsing VJP og FLH (fylgiskjal 3).
- Lokunarheimildir þjóðgarðsvarðar sbr. 39. gr. reglugerðar um VJP verði nýttar ef þörf krefur og verklagsreglur gerðar um hvernig þeim skuli beitt ef til kemur.
- Samstarf við lögreglu um eftirlit með veiðum og ólögætum utanvegaakstri.
- Settur verði á fót vinnuhópur vegna undanþáguheimildar hreindýraleiðsögumanna til aksturs utan vega til að sækja fellda bráð.

Í eftirfarandi greinargerð eru rakin þau sjónarmið sem liggja til grundvallar ofangreindri tillögu þjóðgarðsins, farið yfir efni umsagna og athugasemda sem bárust á kynningartíma og tekin rökstudd afstaða til þeirra.

VJP áréttar að tillaga þjóðgarðsins byggir á því að óhætt sé að afnema umrædd sérákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins með tilteknum mótvægisáðgerðum, vöktun og gildandi valdheimildum án þess að náttúru þjóðgarðsins stafi hættu af. Eru nánari rök þess því til stuðnings rakin hér á eftir. Hins vegar liggur fyrir að ekki er útilokað að niðurstaða vöktunar, samráðs og aukins eftirlits á svæðinu leiði til þeirrar niðurstöðu að sérákvæði um veiðar verði sett á svæðinu eða að gripið verði til annarrar reglusetningar t.d. varðandi akstur utan vega. Þjóðgarðurinn mun samhliða breytingunni senda erindi til NÍ og UST þar sem stofnununum er formlega falinn sá þáttur er snýr að setningu reglugerða á grundvelli laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Einnig leggur þjóðgarðurinn til að settur verði á fót vinnuhópur VJP, UST, NÍ og mögulega fleirum til að leggja mat á það, byggt á reynslu samráðs og vöktunar, hvort gera eigi tillögu til ráðherra um breytingar á ákvæðum reglugerðar þjóðgarðsins varðandi framangreinda undanþáguheimild hreindýraleiðsögumanna á sérstaklega viðkvæmum svæðum innan þjóðgarðs.

4. Megin sjónarmið sem Vatnajökulsþjóðgarður skal taka mið af við ákvarðanatöku

Í athugasemdum og umsögnum nokkurra aðila koma fram athugasemdir við þá tillögu þjóðgarðsins að afnema veiðigriðland við Snæfell. Almenn er tekið undir mat þjóðgarðsins á veikri lagalegri stöðu griðlandsins og takmörkuðum úrræðum þjóðgarðs til eftirlits en því sjónarmiði lýst að þjóðgarðurinn hefði átt að beita sér fyrir því við viðeigandi stjórnvöld (UST, NÍ og ráðuneyti) að lagaleg stoð þess yrði styrkt. Þá er vísað m.a. til varúðarreglu náttúruverndarlaga og gagnrýnt að farin sé sú leið að draga úr vernd á friðlýstu svæði.

VJP áréttar að við úrvinnslu gagna og ákvarðanatöku á grundvelli þeirra ber þjóðgarðinum að taka tillit til margvíslegra sjónarmiða og byggja niðurstöðu sína á þeim lögum og reglugerðum sem um þjóðgarðinn og stjórnáætlun hans gilda. Í þessum kafla er gerð grein fyrir þeim helstu en jafnframt er vísað til þess rökstuðnings sem fram kemur í kafla 5.

a. Skilmálar friðlýsingar á svæðinu

Vatnajökulsþjóðgarður er friðlýstur af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra með setningu reglugerðar um þjóðgarðinn sbr. 1. gr. laga um VJP og koma skilmálar friðlýsingarinnar fram í reglugerðinni. Samkvæmt 26. gr. og III. viðauka reglugerðarinnar er hefðbundin landnýting, þ.m.t. fugla- og hreindýraveiðar, heimil á austursvæði þjóðgarðsins við Snæfell. Um veiðarnar gilda ákvæði laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og reglugerða sem á þeim byggja, og um akstur leiðsögumanna við hreindýraveiðar gildir reglugerð nr. 528/2005 um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands eins og henni var breytt með reglugerð nr. 497/2007, sbr. 28. gr. reglugerðar um VJP.

Framangreind ákvæði eru grundvöllur framlagðrar breytingatillögu á stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins sbr. það sem rakið er í kafla 1. Ekki er með tillögunni verið að breyta skilmálum friðlýsingar svæðisins heldur færa ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins til samræmis við gildandi skilmála. Verði áfram vilji til að fara hina leiðina og festa sérákvæði varðandi veiðar á austursvæði í sessi með breytingu á gildandi friðlýsingaskilmálum (í reglugerð um VJP og jafnframt með setningu sérákvæða um veiðar á grundvelli laga nr. 64/1994), þyrfti að mati VJP að undirbyggja slíka ákvörðun með formlegum gögnum. Fyrir það opnast möguleiki í kjölfar umræddrar vöktunar, verði niðurstöður hennar á þá leið.

b. Markmið laga um VJP

Markmið með stofnun VJP samkvæmt 2. gr. laganna er:

- Að vernda náttúru svæðisins, svo sem landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar.
- Að gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru og sögu svæðisins.
- Að stuðla að rannsóknum á svæðinu, fræða um það og ýta undir aukinn skilning almennings á gæðum og sérstöðu svæðisins.
- Að leitast við að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins, m.a. með því að hvetja til sjálfbærrar nýtingar gæða svæðisins.

Allar ákvarðanir VJP þurfa að byggja á framangreindum markmiðum og liggur fyrir að markmið um verndun er grunnforsenda nýtingarmarkmiðanna, sem fyrir vikið hafa þann útgangspunkt að vera iðkaðar með sjálfbærni að leiðarljósi.

Það er mat VJP að við afnám sérákvæða stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins um veiðar á austursvæði og með þeim mótvægisáðgerðum sem þjóðgarðurinn áformar að grípa til, að uppfyllt séu lögbundin markmið VJP og að náttúru svæðisins stafi ekki hættu af umfram það sem verið hefur. Telur þjóðgarðurinn að ákvörðunin samræmist varúðarreglu náttúruverndarlaga miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu. Þjóðgarðurinn á eins og fyrr segir að sama skapi kost á að undirbyggja ákvarðanir síðar með þeim upplýsingum sem áformað er að afla samkvæmt vöktunaráætlun.

Til að ná markmiðum þjóðgarðs um vernd og sjálfbæra nýtingu geta verið fleiri leiðir en fortaklaust bann við tiltekinni gerð umferðar. Þekkt er að fræðsla og virkt samtal geta skilað jafngóðum og jafnvel betri

árangri til að hafa jákvæð áhrif á hegðun og umgengni fólks í náttúrunni. Það er reynsla VJP að flestir umgangist náttúru þjóðgarðsins af virðingu og gæti þess að valda ekki skemmdum. Almennt er því æskilegra að mati þjóðgarðsins að undirbyggja góða umgengni með samtali og fræðslu, en taka ákveðið á fátíðum frávikum fremur en að leggja altækt bann við umferð allra sem nýta tiltekið svæði.

Að ofansögðu er VJP meðvitaður um hættu á undantekningum við góða umgengni, en með fjölbættum undirbúningi umgjörðar breytinganna, viljayfirlýsingu og samtölum við hagsmunaaðila, vísindasamfélag, stofnanir og löggæsluyfirvöld svo og reynslu af úrvinnslu frávika varðandi brot á umgengnisreglum, telur VJP sig fyllilega í stakk búinn til að mæta frávikum af festu ef til kemur.

5. Einstök efnisatriði umsagna og athugasemda og svör VJP við þeim

Vísað er til kafla 4 varðandi þá þætti í umsögnum er varða varúðarregluna, friðlýsingarskilmála og þau megin sjónarmið sem VJP skal viðhafa við töku ákvarðana. Eftirfarandi eru svör VJP við einstökum efnisatriðum sem fram koma í umsögnum og athugasemdum.

a. Málsmeðferð, hæfi og stjórnýsla

Í athugasemdum er lýst efasemdum um hæfi svæðisráðs austursvæðis í málinu og því haldið fram að verið sé að láta undan þrýstingi háværs hóps hagsmunaaðila sem jafnframt eigi sterk ítök í svæðisráði.

VJP áréttar að skoðun á lagalegum grundvelli umræddra ákvæða stjórnunar- og verndaráætlunar var hafin af hálfu sérfræðinga þjóðgarðsins áður en erindi FLH barst og áður en hreindýraveiðar hófust árið 2021. VJP hafði fyrir þann tíma átt samtöl og fengið erindi, m.a. í gegnum umsagnarferli 3. útgáfu stjórnunar- og verndaráætlunar, sem hvöttu til þess að málið yrði skoðað ofan í kjölinn. Erindi FLH haustið 2021 varð hins vegar tilefni þess að aflað var gagna frá fagstofnunum og ítarleg lögfræðileg greining gerð á lagagrundvelli. Leiddi sú athugun til þess að svæðisráð hóf vinnu við breytingu á ákvæðum stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins í febrúar 2022. Við afgreiðslu erindis FLH viku svæðisráðsfulltrúar sem jafnframt gegna starfi hreindýraleiðsögumanna sæti við afgreiðslu þess.

Öllum þeim sem fá úthlutað leyfi til hreindýraveiða er skylt að vera í fylgd hreindýraleiðsögumanns sem hefur tilskilin réttindi útgefin af UST. Hlutverk leiðsögumanna er m.a. að sjá til þess að leiðsögumaður fari rétt að við veiðarnar og að veiðar séu í samræmi við lög og reglur. Eðlilegt er að gott samráð sé milli VJP og leiðsögumanna sem hafa slíkum lögbundnum skyldum að gegna og getur þjóðgarðurinn með réttu ætlast til þess að leiðsögumenn standi undir lögbundnu hlutverki sínu.

Samkvæmt lögum um VJP og meginreglum stjórnýsluréttarins er VJP skylt að hlusta eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila við undirbúning ákvarðana en kröfur slíkra aðila ráða ekki niðurstöðu mála. Ákvarðanir þjóðgarðsins í þessu máli eru byggðar á ítarlegri gagnaöflun, faglegu mati og gildandi lögum og reglum.

Samtök útivistarfélaganna tilnefna samkvæmt lögum um VJP fulltrúa í svæðisráð þjóðgarðsins en hlutverk svæðisráðs er að gera tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins. Stjórn þjóðgarðsins ber ábyrgð á endanlegri afgreiðslu tillögunnar og þar eiga viðkomandi hagsmunasamtök ekki atkvæðisrétt. Í málinu var stjórnýslureglum um hæfi veittur sérstakur gaumur og naut svæðisráð sérfræðiaðstoðar starfsmanna þjóðgarðsins við meðferð málsins og gagnaöflun. Það að aðilar sem tilnefndir eru af útivistarsamtökum haldi á lofti sjónarmiðum útivistar við undirbúning stjórnunar- og verndaráætlunar er

eðlilegur þáttur í þeirra lögbundna stefnumótunarhlutverki innan svæðisráðs. Slíkt léttir hins vegar ekki af þeim þeirri grunnskyldu að byggja tillögur sínar á málaefnalegum sjónarmiðum og þeim lögum og reglum sem um þjóðgarðinn gilda.

b. Veiðistjórnun og áhrif hreindýraveiða á varp og fellistöðvar

Almennt eru fagstofnanir, þ.e. NÍ, UST og NA, sammála um að veiðitakmarkanir innan griðlands VJP séu ekki nauðsynleg forsenda til að stýra stofnstærð hreindýra. eru stofnanirnar sammála um að stjórnsýsla er snýr að veiðistjórnun eigi að vera í höndum þeirra stofnana sem fara með þau mál samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

NÍ bendir þó á í umsögn sinni að markmið með griðlandinu beinist að fleiri þáttum en veiðistjórnun hreindýrastofnsins, t.a.m. neikvæðum áhrifum hreindýraveiða á uppkomu heiðagæsaunga og fellistöðvar heiðagæsa innan svæðisins. Mjög mikilvægt sé að heiðagæsa hópar á þessum slóðum fái einhverja vernd frá slíkri truflun ef að veiðibanni verði aflétt. Það sé óháð stöðu heiðagæsastofnsins hverju sinni. Hér sé um grundvallaratriði að ræða er varðar verndun búsvæðis heiðagæsar á viðkvæmum árstíma. Mikilvægt sé að VJP beiti sér og skilgreini aðgerðir til að tryggja þá verndun sem nauðsynleg er, sérstaklega varðandi atriði sem regluverk laga nr. 64/1994 ávarpar ekki.

VJP hefur átt samtöl við NA varðandi umrætt atriði. Nákvæmari rannsóknir á fellitíma gæsa á svæðinu er hluti af vöktunaráætlun þjóðgarðsins. Þjóðgarðsverði verður áfram heimilt skv. 9.1.1. gr. stjórnunar- og verndaráætlunar (með stoð í 39. gr. reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð 300/2020) að takmarka umferð um helstu varplönd og fellisvæði heiðargæsa. Verklagsreglur verða gerðar um ferlið, en hluti þeirra mun fela í sér að við mat á þörf á slíkum aðgerðum muni þjóðgarðsvörður leita álits viðeigandi fagstofnana.

Í umsögnum og athugasemdum er þeim áhyggjum líst að mikil hætta sé á óásættanlegu raski á viðkvæmum gróðri á svæðinu verði veiðibann afnumið innan griðlands. Er í því samhengi jafnframt bent á að um RAMSAR svæði sé að ræða sem auki vægi þess.

VJP tekur undir mikilvægi þess að gæta að álagi á gróður og lífríki vegna umferðar. Líkur á mjög aukinni umferð um svæðið í kjölfar breytingarinnar eru ekki taldar miklar. Reglubundin vöktun á svæðinu er til þess gerð að mögulegt sé að grípa til aðgerða um leið ef yfirvofandi hætta er talin á náttúruspjöllum vegna veiða eða annarrar umferðar.

Í 39. gr. reglugerðar um VJP er heimild þjóðgarðsvarða til að loka svæðum til verndar náttúru. Heimildin getur náð til tímabundinnar lokunar afmarkaðra svæða, t.d. fyrir umferð vélknúinna ökutækja ef landsvæðið er ekki talið þola umferð.

Ramsar felur í sér vernd búsvæða. VJP gerir sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem því fylgir. Slík verndun kemur ekki í veg fyrir nytjar og fjölmörg dæmi eru um leyfi til hefðbundinnar landnýtingar, þ.m.t. veiða, á Ramsarsvæðum erlendis en jafnframt héraendis.

c. Heimild hreindýraleiðsögumanna til að sækja fellda bráð á sexhjólum

Leiðsögumenn með hreindýraveiðum hafa undanþáguheimild skv. 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 528/2005 til aksturs utan vega þegar bráð er sótt. Umrædd undanþáguheimild er bundin ströngum skilyrðum. Samkvæmt ákvæðinu er leiðsögumönnum með hreindýraveiðum við þau störf heimilt að sækja fellda bráð á léttum vélknúnum ökutækjum að lágmarki með sex hjólum, enda sé að mati leiðsögumanna ekki talin

hætta á náttúruspjöllum. Gildir þetta þó eingöngu þar sem dýr hafa verið felld fjarri vegum enda talið nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að afurðir dýranna skemmist. Heimildin nær ekki til sjálfrar leiðsagnarinnar. Með náttúruspjöllum er í reglugerðinni átt við „Spjöll á gróðri, dýralífi, jarðvegi, jarðmyndunum og landslagi hvort sem um varanlegan eða tímabundinn skaða er að ræða. Myndun slóða og hjólfara hvort sem er á grónu landi, þar með töldu mosavöxnu landi, eða ógrónu svo sem melum“.

Við upplýsingaöflun af hálfu þjóðgarðsins hafa komið fram efasemdir um að viðkomandi landsvæði þoli að ekið sé um það á sexhjólum og að raunveruleg hættu sé á skemmdum þegar felld hreindýr eru sótt. VJP hefur aftur á móti, miðað við samráð í vinnuferli breytinganna, ástæðu til að ætla að mikill vilji sé til þess af hálfu hreindýraleiðsögumanna að fara varlega við beitingu framangreindrar heimildar innan þjóðgarðsins. Þegar um mjög viðkvæm svæði er að ræða er hins vegar hættu á skemmdum af vangá t.d. ef leiðsögumaður vanmetur aðstæður. Þá hefur þjóðgarðinum jafnframt verið bent á of rúma túlkun á heimildinni í framkvæmd. Leggur þjóðgarðurinn því til að inn í vöktunaráætlun verði bætt að skoðað verði sérstaklega hvort setja eigi umræddri undanþáguheimild þrengri skorður á viðkvæmum svæðum innan þjóðgarðsins. Slíkt mætti skoða í samráði við UST, NÍ og mögulega fleiri, svo og ráðuneyti. Í þeirri athugun má byggja á gögnum sem fást úr vöktun af hálfu þjóðgarðsins strax sumarið 2022.

d. Útivist og nýting ólíkra hópa

Í umsögnum og athugasemdum er bent á fjölpætta möguleika til útivistar í nágrenni Snæfells og að skotveiðar og ferðamenska á sama svæði á sama tíma fari illa saman.

VJP bendir á að breytingatillagan byggir á markmiðum 2.gr. laga um VJP og endurspeglast líkt og áður segir í samspili verndunar, aðgengis ólíkra útivistarhópa, rannsókna og fræðslu, atvinnustarfsemi og sjálfbærrar nýtingar. Þá bendir VJP á að samkvæmt 26. gr. reglugerðar þjóðgarðsins var við friðlýsingu svæðisins byggt á því að þar skyldi hefðbundin landnýting, þ.m.t. veiðar, vera heimil.

Þjóðgarðurinn er meðvitaður um mögulega skörun á hagsmunum ólíkra útivistarhópa. Líkt og fram kemur í minnisblaði þjóðgarðsvarðar, gefa rannsóknir á gestafjölda við Snæfell til kynna að þegar líða tekur á ágústmánuð og ferðamönnum sem stunda veiðar fjölgar er ásókn ferðamanna sem sækja aðra útivist en veiðar orðin minni. Fækkun gesta þegar líða tekur á sumar samræmist gestatölum á öðrum hálendissvæðum í VJP (og raunar víðar), einnig þar sem veiðar eru ekki stundaðar. Þrátt fyrir þessa meðvitund, er hluti mótvægisáðgerða fólgin í aukinni fræðslu VJP til ferðafólks um veiðar með ábyrgum hætti og margháttaða umhverfisþætti að leiðarljósi. Enn fremur er með viljayfirlýsingu við FLH hvatning til veiðimanna um að víkja, í þeim tilfellum sem það kann að koma upp að þessir hagsmunahópar séu á sama tíma á sama svæði. Vegna fælingaráhrifa, sækjast veiðimenn almennt ekki eftir því að veiða í nálægð við ferðamenn. Framkvæmd hreindýraveiða er einstök að því leyti að með hverjum veiðimanni skal fylgja leiðsögumaður sem hefur fengið útgefið opinbert leyfi og hefur það meginhlutverk að gæta að því að við framkvæmd veiðanna sé farið að lögum og reglum. Raunhæft er því að ætla að gott og reglubundið samtal þjóðgarðsins við hreindýraleiðsögumenn stuðli að enn betri framkvæmd veiðanna.

e. Framkvæmd vöktunar

Í umsögnum er lögð áhersla á að vöktun og rannsóknir fari fram af þar til bærum einstaklingum fyrir hönd viðeigandi stofnana, með viðurkenndum vísindalegum aðferðum. Mikilvægt talið að vaktanir/rannsóknir

hefjist hið fyrsta, svo safna megi samanburðarhæfum gögnum. Bent á mikilvægi grunngagna, fyrir inn grip, til að tryggja marktækni gagna.

VJP tekur undir þetta og bendir á að fyrirbyggjandi vöktunaráætlun var unnin í samráði við Náttúrustofu Austurlands, sem færustu vísindamenn varðandi fagþekkingu fuglastofna og villtra spendýra á svæðinu. Að sama skapi er um að ræða færustu sérfræðinga í málefnum hreindýrastofnsins á Íslandi. Enn fremur var kallað eftir áliti NÍ og UST. Meðvitund er um mikilvægi fagmennsku við framkvæmd vöktunar og verður því framkvæmd í samstarfi i við áðurnefnda fagaðila (NA, NÍ og UST). Viðmið verða fyrirbyggjandi grunngögn, sem hefur verið safnað af NA og NÍ. VJP er sammála um mikilvægi vöktunar frá upphafi og er hún hafin nú þegar.

Farið hefur verið yfir vinnuferli, forsendur breytingarinnar og meginsjónarmið Vatnajökulsþjóðgarðs svo og helstu athugasemdir sem bárust og viðbrögð við þeim. Eining virðist um að við núverandi ástand verði ekki unað. Ágreiningur er um leiðir að úrbótum, líkt og getið hefur verið um. Vatnajökulsþjóðgarður metur afnám veiðiákvæða stjórnunar- og verndaráætlunar rökrétta leið í að þjóna hagsmunum náttúru og sjálfbærrar nýtingar, að gefnum þeim ígrunduðu mótvægisáðgerðum og möguleikum á setningu veiðiákvæða á forsendum villidýralaga sem lýst hefur verið.